



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Austurströnd 5 170 Seltjarnarnesi  
sími: 520 5000 bréfasími: 520 5019  
fms@fangelsi.is www.fangelsi.is

2. nóvember 2018

**Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna afnáms um uppreist æru, 222. mál.**

Fangelsismálastofnun ríkisins vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum vegna framangreinds frumvarps:

1. Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins skal enginn teljast hafa óflekkað mannorð sem hlotið hefur dóm fyrir refsivert brot og refsing er óskilorðsbundið fangelsi, frá þeim degi sem dómur er upp kveðinn og þar til afplánun er að fullu lokið. Í greinargerð segir að afplánun teljist lokið að fullu í skilningi þessa ákvæðis þegar einstaklingur hefur lokið reynslulausn, sbr. VII. kafla laga um fullnustu refsinga. Í þessu sambandi vekur Fangelsismálastofnun athygli á því að afplánun lýkur ekki alltaf með veitingu reynslulausnar. Þannig er t.d. óheimilt að veita föngum reynslulausn þegar hluti fangelsisrefsingarinnar er skilorðsbundinn, skv. 8. mgr. 80. gr. laga um fullnustu refsinga. Í slíkum tilvikum þurfa fangar að afplána óskilorðsbundna hluta refsingarinnar að fullu. Þá eru mörg önnur dæmi þess að fangar ljúki ekki afplánun með reynslulausn heldur afplána refsinguna í heild sinni enda ýmis skilyrði sem þarf að uppfylla svo að unnt sé að veita reynslulausn, skv. 80. gr. laganna. Einnig geta þeir sem hafa verið dæmdir í 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi eða minna afplánað refsingu sína með samfélagsþjónustu og kemur þá ekki til veitingar reynslulausnar.
2. Á nokkrum stöðum frumvarpsins er kveðið á um að maður megi ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef hann var fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið. Í greinargerð segir að fimm ár frá því að afplánun sé að fullu lokið í skilningi þessara ákvæða byrji að líða þegar

viðkomandi var látinn laus úr fangelsi til reynslu ef skilorð var haldið. Í þessu sambandi vekur Fangelsismálastofnun athygli á því að menn eru ekki alltaf látnir lausir úr fangelsi þegar afplánun lýkur. Eins og að framan greinir er stór hluti manna sem getur afplánað refsingu sína með samfélagsþjónustu. Þá er jafnframt algengt að menn sem hafa þurft að afplána refsingu sína í fangelsi afpláni síðasta hluta hennar utan fangelsis, s.s. á áfangaheimili eða heima hjá sér með ökklaband. Einnig eru dæmi þess að menn afpláni refsingu sína á meðferðastofnun eða sjúkrahúsi.

e.u.

